

Nr. 22-011 S 007 Gullhólmi SH 201***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2911
Útgerð: Gullhólmi ehf.
Smíðaður: Seigla, 2015, trefjaplast.
Stærð: 29,91 BT.
Mesta lengd: 13,66 m Skráð lengd: 13,15 m
Breidd: 5,58 m Dýpt: 2,38 m
Vél: Yanmar, 556,0 kw, 2015
Fjöldi skipverja: 4



Gullhólmi © Rikharður Rikharðsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. febrúar 2022 var línuskipið Gullhólmi SH 201 á veiðum á Breiðafirði. Veður: NA 6-7 m/s.

Á veiðum varð skipið vélarvana og beðið um aðstoð. Björgunarskipið Björg fór og sótti Gullhólma og dró hann til hafnar á Rífi.

Við rannsókn kom fram:

- að stimpill í glussadælu brotnaði og skipstjórinn ákvað að stöðva vélina til að koma í veg fyrir frekara tjón;
- að tvær dælu voru á glussakerfinu ein á aðalvélinni og önnur tvívirkt stimpildæla á gír aðalvélar, báðar dælu inn á sama glussakerfið og voru með sama birgðartanka.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.